Bæjarskrifstofur Hornafjarðar



Mennta- og menningarmálaráðuneytið
b/t Stefáns Baldurssonar
Sölvhólsgötu 4
150 Reykjavík

Hornafirði, 31. mars 2011

Málefni: Umbótaáætlun Grunnskóla Hornafjarðar.

Í samræmi við bréf ráðuneytisins, dags. 24. febrúar 2011, er hér send umbótaáætlun fyrir Grunnskóla Hornafjarðar sem unnin var eftir úttekt þá sem fyrirtækið Hitt og þetta gerði á starfsemi skólans og skólanefndar sveitarfélagsins. Skólastefna sveitarfélagsins, sem hefur verið fyrir hendi frá árinu 2007, fylgir einnig með í þessu bréfi.

Virðingarfyllst,

Stefán Ólafsson
framkvstj. fræðslu- og félagssviðs
Hornafjarðar

Meðf. Ljósrit af bréfi mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 24. febrúar 2011

Umbótaáætlun í Grunnskóla Hornafjarðar

í kjölfar úttektar á skólanum

Hulda Laxdal Hauksdóttir
Stefán Ólafsson
Þórgunnur Torfadóttir
29. mars 2011

Inngangur

Í október 2010 til janúar 2011 gerðu Jón Bergson og Guðrún Helga Sederholm hjá fyrirtækinu Hitt og þetta ehf úttekt á starfsemi Grunnskóla Hornafjarðar fyrir mennta- og menningarmálaráðaneytið. Skýrsla um úttektina kom út í lok janúar 2011. Í kjölfar skýrslunnar fór ráðuneytið fram á að unnin yrði umbótaáætlun sem skilað yrði til ráðuneytisins fyrir 1. apríl 2011.

Í umbótaáætluninni sem hér birtist er lögð áhersla á að fjalla um þá þætti sem taldir eru veikleikar skólans í skýrslunni. Úttektaraðilar koma með tillögur að úrbótum í skýrslunni og koma þeir fram í umbótaáætluninni. Einnig kemur fram í umbótaáætluninni hvað starfsfólk skólans og sveitarfélagsins ætlar að gera til að takast á við veikleikana sem fram koma. Stundum er fullt tillit tekið til þeirra tillagna sem starfsfólk *Hitt og þetta* leggur til en í öðrum tilvikum eru farnar aðrar leiðir þar sem þær eru taldar betri og henta skólanum betur.

Í umbótaáætluninni er tekið fram hvenær umbótum á að vera lokið, hverjir eru ábyrgir fyrir því að unnið sé í þeim og hvaða bjargir eru nauðsynlegar til að hægt sé að koma umbótum á.

Í umbótaáætluninni er ekki unnið sérstaklega með það hvernig á að viðhalda þeim hlutum sem vel ganga en vert er að hafa í huga að það er mikilvægur þáttur í starfi hverrar stofnunar. Því mun verða lögð rækt við að styrkja þá vinnu sem þegar er í gangi og sem vel hefur gengið án þess að það sé sérstaklega skilgreint í þessari áætlun.

Veikleikar sbr. úttekt	Tillögur að aðgerðum til úrbóta sbr. skýrslu	For gangs röðun	Hvað gert – áherslu skólans	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðilar	Bjargir
1. Sameiningarferl-ið stendur enn og er hindrandi fyrir skólaþróun Grunnskóla Hornafjarðar	Endir sé bundinn á sameiningarferlið hið fyrsta svo hægt sé að móta stefnu skólans og skilgreina markmið. Stjórnendur verða að taka ábyrgð á að allir kennarar stefni í eina átt varðandi stefnu og markmið skólans.	1	Sameiningarferlinu er lokið. Kjörorð hafa verið unnin fyrir skólann. Þau er grunnur að framtíðarsýn fyrir sameinaðan skóla og stefnumótunarvinna fyrir skólann er hafin. Það er síðan eilífðarverkefni að sjá til þess að starfsfólk stefni í sömu átt en ef stefnan er ljós ætti eftirleikurinn að vera auðveldur.	Mars 2011	Skólastjórnendur	
2.Skólastefna Grunnskóla Hornafjarðar er ekki fyrir hendi	Í þróunar – og umbóta áætlun Grunnskóla Hornafjarðar 2007 – 2010 (9) á að leggja áherslu á lærdómsmenningu sem stefnu skólans meðal annars. Fram kemur í nóvember 2010 (15) að ekki sé enn búið að móta framtíðarsýn skólans. Meðan svo er þá er lærdómsmenningin sem stefna óskilgreind.	1	**Virðing, jákvæðni, vinátta, frelsi, metnaður** – þetta voru þau orð sem valin voru sem kjörorð skólans. Þau verða grunnurinn að stefnu skólans sem verið er að vinna í. Kjörorðin tengjast uppeldi til ábyrgðar og styðja þar með þá vinnu sem átt hefur sér stað í skólanum. Lærdómsmenning skólans skilgreind út frá kjörorðum – þar sem ígrundun kennara um eigið starf og verklag til að bæta árangur nemenda er notað sem útgangspunktur	Formlega lokið í ágúst 2011, annars stöðug vinna. Vor 2011 – haust 2011	Skólastjórnendur	
3.Sérstaða skólans birtist		3	Sérstaðan sett skýrar fram í gögnum skólans.	Ágúst 2011	Skólastjórnendur	

ekki með nógu skýrum hætti í þeim gögnum sem fyrir eru			Sérstaða skólans er fyrst og fremst námsleg tenging við Vatnajökulsþjóðgarð og náttúru sýslunnar í gegnum náms- og vettvangsferðir. Aðrir þættir sem móta sérstöðu skólans er nýsköpunarvinna, uppeldi til ábyrgðar og að skólinn er heilsueflandi skóli.		Bæjarráð og bæjarstjórn	Bæjarráð hefur samþ. viðbótar-fjármagn til að skólinn get sinnt þessari sérstöðu enn betur.
4.Útgáfu, umfjöllun og samþykkt skólanámskrár og starfsáætlunar GH er ábótavant	Skólanefnd og skólastjórar sjái til þess að gerð og útgáfa skólanámskrár og starfsáætlunar skólans og kvaðir um umfjöllun í skólaráði og samþykkt skólanefndar og birtingu standist 29. gr. í Lögum um grunnskóla frá 2008. Næsta skólanámskrá verði stytt verulega miðað við það sem nú er og betur verði fylgt kaflanum um markmið og markmiðssetningu og kaflanum um skólanámskrá eins og þeim er lýst í Aðalnámskrá grunnskóla.	**2**	Skólanámskrá unnin út frá nýrri Aðalnámskrá grunnskóla. Í henni verði skýrar kveðið á um ýmsa þætti sem er ábótavant, s.s. stefnu skólans, þróunar- og umbótaáætlun og fleira. Gamla skólanámskráin var unnin út frá gátlista um skólanámskrá gefnum út af KHÍ. Þar er ætlast er til þess að skólanámskrár séu ítarlegar og í raun ekkert sem fram kemur í lögum eða Aðalnámskrá um að sá listi sé úreltur. Skólastjórnendur hafa því ákveðið að hafa áfram ítarlega skólanámskrá. Skólanámskrá kynnt á viðeigandi stöðum	Vor – sumar 2011 Endurskoðuð á þriggja ára fresti. Ágúst 2011 og síðan.	Skólastjórnendur Skólanefnd Skólaráð Skólastjórnendur	Bæjarráð hefur samþ. viðbótar-fjármagn í pott til að kaupa aukna vinnu af kennurum vegna þessa. Einnig hefur verið sam-þykkt staða verkefna-stjóra sem mun vinna að þessum verkefnum með annarri vinnu.

	Mikill tími hefur farið í „Uppeldi til ábyrgðar". Lagt er til að hægt verði á þeirri vinnu og tíminn notaður í að móta stefnuna og klára skólanámskrána. „Uppeldi til ábyrgðar" getur ekki talist jafngildi skólastefnu, aðeins hluti af henni. Skýra þarf hver ber ábyrgð á skólanámskrá.	1 2	Uppeldi til ábyrgðar hefur fest sig í sessi í skólanum og verður unnið áfram með það sem uppeldis- og samskipta stefnu skólans. Starfið er í góðum farvegi og er ekki að taka tíma frá öðru. Skólastjórnendur bera sameiginlega ábyrgð á skólanámskránni en fá ýmsa aðila til að vinna einstaka kafla. Tekið verður fram í endurskoðaðri verklýsingu skólastjórnenda hvor hefur yfirumsjón með gerð námskrárinnar.	Ágúst 2011	Skólastjórnendur Bæjarráð Skólanefnd Skólastjórnendur	
5.Vantar betri skilgreiningar á námsmarkmiðum		1	Endurskoðun á bekkjarnámskrám er í vinnslu og verða áfram næsta árið. – Hluti af þessari vinnu felur líka í sér að taka námsframvinduna í mentor í notkun. Þar hafa stjórnendur reyndar þá skoðun að ráðuneytið eigi að sjá til þess að allir skólar fái grunnþrepin og geti síðan breytt þeim ef þeir vilja. Það er að okkar mati óeðlilega mikil vinna sem ráðuneytið leggur á skólafólk að ætlast til þess að hver skóli semji sín eign námsþrep.		Skólastjórnendur og kennarar	

6.Vantar skilgreiningar á einstaklingsmiðun	Skoðað verði hvort fullt samræmi sé milli námsmarkmiða, kennsluhátta og námsmats með tilliti til einstaklingsmiðaðs náms.	1	Grunnvinna við einstaklingsmiðun, leshópur kynnir sér fræðin. Skilgreining unnin og birt í gögnum skólans	Vinnan hafin í Mars 2011. Janúar 2012	Skólastjórnendur og kennarar Skólastjórnendur	
7.Eftirliti sveitarfélagsins með skólastarfinu er ábótavant	Sveitarstjórnin geri átak varðandi eftirlit með innra starfi skólans.	1	Skólastjórnendur skili árlega inn starfsáætlun skólans til skólanefndar. Skólanefnd fylgist með starfi skólans, starfsáætlun, skólanámskrám sjálfsmati og fleiru.	Árlega, hefst strax á þessu ári.	Framkvæmda-stjóri fræðslu og félagssviðs, skólanefnd og bæjarstjórn	
8.Ekkert sjálfsmat í skilningi laga og aðalnámskrár hefur farið fram til þessa. Kennarar hafa litla vitneskju um sjálfsmatið	Mikilvægt er að sjálfsmatið sé altækt og árangursmiðað og gagnist skólanum í því umbótastarfi sem framundan er. Sjálfsmatið verður hugsanlega sýnilegra og sjálfsagðara ef nemendur eru virkjaðir í því.	1	Sjálfsmatsvinna er í fullum gangi. Sjá sjálfsmatsskýrslu á heimasíðu skólans. Nemendur hafa verið í sjálfsmatsteymi frá upphafi vinnunnar og kennarar eru nú vel upplýstir um sjálfsmatið. Sjá sjálfsmatsskýrslu á heimasíðu skólans.	Mars 2011 Mars 2011	Skólastjórnendur og stýrihópur um sjálfsmat.	Aukið fjármagn til að sinna þessum verkefnum, áður komið fram hér á undan.
9.Starfsáætlun skólans er ábótavant		1	Starfsáætlun birtist í handbók skólans og var tilbúin sl. haust. Unnið verður að endurbótum á starfsáætluninni og stuðst við gátlista úr drögum að nýrri aðalnámskrá.	Ágúst 2011	Skólastjórnendur.	
10.Vantar stefnu sveitarfélagsins í málum nemenda	Sveitarstjórnin móti stefnu í málefnum nemenda með sérþarfir.	1		September 2011	Skólanefnd, bæjarstjórn.	

sem þurfa sérþjónustu						
11.Vantar annað stöðugildi sérkennara að skólanum	Ráðinn verði annar sérkennari að skólanum.	1	Stöðugildið er til staðar. Enginn hefur sótt um auglýsta stöðu. Haldið verður áfram að auglýsa eftir sérkennara.	Auglýst nokkrum sinnum á ári.	Skólastjórnendur	
12.Eineltisáætlun er ekki nógu vel kynnt		2	Eineltisáætlun er á heimasíðu skólans og hún er kynnt á hverju hausti fyrir starfsmönnum, á kynningarfundum með foreldrum og á fyrstu dögum skólans með nemendum. Skólareglur fá sömu kynningu. Mætti setja hana í handbókina	Ágúst ár hvert.	Skólastjórnendur	
13.Tómstunda-starf á vegum skólans er lítið sem ekkert		3	Í stefnumótun sem unnin var af hópi á vegum skólanefndar kom fram að ákveðin verkaskipting ætti að eiga sér stað milli Þrykkjunnar (félagsmiðstöðvar sveitarfélagsins) og skólans. Um sömu börn er að ræða og ekki gott að skólinn sé í samkeppni við Tónskóla, íþróttafélag og félagsmiðstöð að loknum skóla á daginn. Því skuli klúbbastarf vera á vegum félagsmiðstöðvar en skólinn sér um ákveðna fasta viðburði á ári. Góð samvinna er við félagsmiðstöð og fólk sammála um að halda þessari línu.	Unnið út frá strax haustið 2009 og þá skýrt kveðið á um verka-skiptingu skóla og félagsmiðst.	Skólastjórnendur og starfsmaður félagsmiðstöðvar og skólanefnd.	
14.Val nemenda er nokkuð undir		2	Ekki er fjármagn til að auka val umfram það sem nú er en tekið		Skólastjórnendur	

viðmiðum grunnskólalaga			skal fram að það hefur verið aukið frá því skólinn var sameinaður. Markmiðið er að það minnki ekki og standa vörð um framboð.			
15.Starfsemi nemendaverndarráðs er ábótavant	Nemendaverndarráð starfi samkvæmt lögum.	1	Unnið hefur verið vinnuferli fyrir nemendaverndarráð og það birt á heimasíðu skólans.	Janúar 2011	Skólastjórnendur	
16.Forvarnarstarf er illa skilgreint		1	Forvarnarstefna skólans er í vinnslu. Hún verður á heimasíðu skólans og hún er kynnt á hverju hausti fyrir starfsmönnum, á kynningarfundum með foreldrum og á fyrstu dögum skólans með nemendum.	Júní 2011	Skólastjórnendur og skólafélagsráð-gjafi	
17.Nemendur Grunnskóla Hornafjarðar eru undir landsmeðaltali á samræmdum prófum		1	Markmið skólans er að nemendur haldi virðisauka sínum á samræmdum prófum í gegnum skólagönguna. Til að ná því markmiði verður m.a. lögð áhersla á að efla einstaklingsmiðun og aukin áhersla á námsmarkmið. Unnið að því að auka metnað í skólasamfélaginu m.a. í gegnum stefnu skólans.	2015 Alltaf í gangi Alltaf í gangi	Skólastjórnendur	

	Skólinn endurskoði, afmarki og skilgreini einstök hugtök og nýti sér hefðbundið form varðandi framsetningu á stefnu skólans, skólanámskrá, starfsáætlun, einstaklingsmiðun og tengsl alls þessa innbyrðis.		Unnið verður að hugtakaskýringum á þeim þáttum sem lýsa skólanum og starfsemi hans. Framsetning þessara sömu þátta verður gerð skýr og aðgengileg. Leitað verður eftir upplýsingum frá Menntamálaráðuneytinu og Sambandi íslenskra sveitarfélaga varðandi hefðbundna framsetningu þeirra þátta sem matsaðilar vísa í.	Ágúst 2011	Skólastjórnendur	
18.Eru of mörg verkefni í gangi í skólanum?	Meta þarf hvort of mörg verkefni eru í gangi í skólanum samtímis. Ef svo er þá þarf að fækka og forgangsraða.		Okkar mat er að ekki sé of margt í gangi, t.d. eru engin eiginleg þróunarverkefni eins og er. Fyrst og fremst er verið að festa hluti í sessi sem hafa verið í gangi í mörg ár á einhverju skólastiganna en vegna sameiningar í skólanum hefur þurft að endurskoða ýmsa verkferla og finna nýjar leiðir. Má þar nefna atriði sem snúa að sérstöðu skólans og lærdómsmenningu. Allt eru þetta verkefni sem eðlilegt er að séu í gangi i skólum. Ekki er stefnt að því að taka inn ný verkefni fyrr en þessi verkefni hafa fest sig í sessi og ákveðin festa náðst í skólanum. Leggja ber áherslu á að það er verið að mynda hefðir i nýjum skóla og þessi verkefni eru m.a. notuð til þess.	Vor 2012	Skólastjórnendur	

19. Áætlun um stoðþjónustu	Áætlanir um þjónustu við nemendur með sérþarfir og nemendur með annað móðurmál en íslensku verði unnar.	**2**	Þessir ferlar hafa verið í vinnslu. Verið er að taka saman í eina skýrslu vinnulag og reglur varðandi stoðþjónustu í GH	Ágúst 2011	Deildarstjóri sérkennslu Skólanefnd Bæjarstjórn	
20. Skólaráðgjöf	Nemendum á yngra stigi verði tryggð skólafélagsráðgjöf.	**1**	Á yngra stigi sinnir þroskaþjálfi, nemendum sem þurfa stuðning vegna tilfinningalegra, félagslegra og hegðunar erfiðleika að auki starfa þar sérkennarar og aðgangur að sálfræðingi og teljum við það nægja þjónustu. Þörfin fyrir skólafélagsráðgjafa er fyrst og fremst á unglingastigi. Hins vegar vantar námsráðgjafa við skólann	Ágúst 2011	Skólanefnd Bæjarstjórn	Staða námsráðgj. verður tekin til skoðunar 2011.
21. Fagleg einangrun	Fagleg einangrun kennara vegna staðsetningar skólans verði rofin með vináttusambandi við stærri skóla.	**3**	Skemmtileg hugmynd sem þarf að þróa en er ekki hægt að framkvæma nema með stuðningi frá sveitarfélaginu.		Skólastjórnendur og sveitarfélagið.	Ekki verður lagt í þetta verkefni sér-stakt fjármagn.
22.Faghandleiðsla	Kennarar nýti sér faghandleiðslu sem þeir eiga rétt á samkvæmt kjarasamningum.		Það er engin fyrirstaða í skólanum gagnvart því. Trúnaðarmenn hafa verið beðnir um að kynna þetta fyrir starfsmönnum. Auk þess hafa stjórnendur beðið um kynningu á VIRK.	Apríl 2011	Trúnaðarmenn, starfsmenn sjálfir.	

Skólastefna Sveitarfélagsins Hornafjarðar

Samþykkt í Skólanefnd Hornafjarðar 27. desember 2006
Samþykkt í Bæjarstjórn Hornafjarðar 3. janúar 2007
Samþykkt eftir yfirferð og breytingar í Skólanefnd Hornafjarðar 28. október 2009
Samþykkt eftir yfirferð og breytingar í Bæjarstjórn Hornafjarðar 10. desember 2009

I.
Almennur hluti

Skólinn er samfélag nemenda, kennara og starfsfólks í sterkum tengslum við foreldra / forráðamenn og stjórnvöld. Í þessu samfélagi gilda ákveðnar reglur sem allir verða að lúta. Þar bera allir ákveðna ábyrgð en eiga einnig sinn rétt og möguleika til að hafa áhrif á samfélagið. Mikilvægt er að öllum í skólasamfélaginu finnist þeir tilheyra því og séu virkir þátttakendur. Slík virkni er mikilvægur þáttur í að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi.

Hlutverk skóla er fræðsla og mannrækt í síbreytilegum heimi. Skólinn þarf að leggja áherslu á gagnrýna hugsun nemenda, samkennd, virðingu fyrir einstaklingnum, sjálfstæði í þekkingarleit og ábyrgð í námi. Öll börn skulu eiga kost á skólagöngu í héraði og á hver nemandi rétt á að fá nám við sitt hæfi. Stoðkerfi skólanna skulu vera sýnileg og aðgengileg þannig að þeir sem á þurfa að halda fái þjónustu við hæfi. Nemendum skal tryggt öruggt starfsumhverfi sem hvetur til frjórrar hugsunar og ánægju í skóla.

Sveitarfélagið leggur áherslu á að búa skólastofnanir sínar þannig að þær geti sinnt uppeldis- og menntunarhlutverki sínu eins vel og kostur er. Í því felst að skólastofnanir búi við góðan fjárhag, húsakynni séu vistleg og vel búin kennslutækjum og skólalóðir aðlaðandi.

Áhersla verði lögð á innra starf skólanna og skipar þar símenntun starfsmanna og reglulegt endurmat á skólastarfi stóran sess. Skólarnir skulu ávallt hafa gott samstarf við heimilin þannig að foreldrar finni sig velkomna í skólann og þeim gefin tækifæri til að taka þátt í skólastarfinu. Skólar sveitarfélagsins skulu vera framsæknar stofnanir sem hlúa vel að nemendum og þeim sem þar starfa.

Skólastefna sveitarfélagsins nær til leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla og skal vera í sífelldri endurskoðun.

Starfsfólk

Stefna
Í skólum Hornafjarðar er lögð áhersla á faglega forystu og framtíðarsýn sem fylgt er eftir með metnaðarfullu starfi. Skólarnir einkennist af lýðræðislegum vinnubrögðum þar sem jafnrétti og ábyrgð starfsmanna er höfð að leiðarljósi. Starfsmenn hafi faglega yfirsýn yfir skólastarfið og bæti stöðugt við þekkingu sína. Skólar sveitarfélagsins verði eftirsóttir vinnustaðir sem einkennist af ánægju, metnaði og vellíðan starfsmanna.

Markmiðið er að allir starfsmenn skólans séu fagmenntaðir en auk þess er lögð áhersla á að fjölga starfsfólki með framhaldsmenntun á sviði mennta- og uppeldismála og gera skólana þannig samkeppnisfærari við þá bestu í landinu. Leitað verði leiða til að jafna kynjahlutföll í skólum eins og kostur er.

Það verður gert með því að

- við skólana starfi fagmenntað starfsfólk og starfsmenn með þekkingu og menntun sem nýtist skólunum sem best hverju sinni,
- hafa skýra stefnu um stuðning við þá starfsmenn skólanna sem eru í námi. Það verði gert í samræmi við starfsmannastefnu sveitarfélagsins,
- stjórnendur og aðrir starfsmenn geri árlega símenntunaráætlanir fyrir sig og stofnanir sínar,
- starfsmannastefna skólanna sé í samræmi við starfsmannastefnu sveitarfélagsins,
- starfslýsingar séu skýrar,
- stuðla að góðum liðsanda í skólunum og milli þeirra,
- efla lýðræðislega þátttöku starfsmanna í öllu sem lýtur að starfi skólanna,
- gefa starfsfólki kost á starfsmannaviðtölum að minnsta kosti einu sinni á ári,
- gefa starfsmönnum kost á að fylgjast vel með straumum og stefnum í skólamálum,
- efla frumkvæði meðal starfsmanna og hvetja til nýbreytni í skólastarfi.

Fjármál

Stefna

Tryggja skal sem besta nýtingu þess fjármagns sem rennur til skólanna og að starfsfólki og nemendum sé tryggður sambærilegur aðbúnaður milli skólanna. Áfram verði byggt á rammafjárhagsáætlunum. Þannig hafi stjórnendur stofnana ákveðinn fjárhagsramma til að starfa eftir og geti nýtt hann til áhersluverkefna allt eftir stefnumörkun hverju sinni sem unnin hefur verið í samráði við skólanefnd. Jafnframt er skýr ábyrgð stjórnenda á því að fjárhagsáætlanir standist.

Markmiðið er að styrkja stjórnendur í starfi með því að gera þá meðvitaða um kostnað og rekstur og færari að reka fjárhagslega sjálfstæða skóla og að hagkvæm nýting fjármuna eigi sér ávallt stað.

Það verður gert með því að

- vinna starfsáætlanir með áherslu á þörf fyrir mannahald, vörukaup og aðra rekstrarliði,
- halda námskeið fyrir skólastjórnendur og annað starfsfólk sem kemur að rekstri stofnana,
- stjórnendur yfirfari rekstur sinna stofnana með reglubundnum hætti,
- framkvæmdastjórar sviða fylgist reglulega með rekstri þeirra stofnana sem undir þá falla,
- kostnaðargát verði höfð að leiðarljósi í öllum rekstri skólanna,

Húsnæði, búnaður og skólalóðir

Stefna
Húsnæði, búnaður og skólalóðir skulu ávallt uppfylla þarfir skólanna og geta mætt öllum kröfum um aðbúnað á hverju skólastigi fyrir sig. Skólalóðir skulu hvetja til hreyfingar og skólahúsnæði og öll aðstaða vera námshvetjandi. Við endurbætur á núverandi húsnæði skal tryggt að faglega verði að verki staðið og verkin unnin í fullu samstarfi við stjórnendur skólanna.

Markmiðið er að tryggð sé góð aðstaða fyrir nemendur og starfsfólk. Húsnæði og skólalóðir fái ávallt nægilegt viðhald og nauðsynlegum endurbótum verði lokið hið fyrsta. Lögð er áhersla á að skólarnir verði tækjum búnir í samræmi við þarfir þeirra.

Það verður gert með því að

- vinna áætlanir um nauðsynlegar lagfæringar,
- tryggja nægilegt fé til viðhalds og breytinga,
- ávallt séu til staðar nauðsynleg kennslutæki, leikföng og áhöld,
- aðgengi fyrir alla verði tryggt.

Næring, hreyfing og hollusta

Stefna
Hollusta, hreyfing og forvarnir eru mikilvægur hluti af skólastarfi í nútíma þjóðfélagi. Manneldissjónarmið skulu ávallt höfð að leiðarljósi í leik- og grunnskólum sveitarfélagsins. Skólar gegna sífellt stærra hlutverki í lífi barna og ungmenna og því er lögð áhersla á að þessum þáttum sé vel sinnt.

Markmiðið er að ávallt sé á boðstólum hollt og heilsusamlegt fæði í skólunum. Almennt skal boðið upp á heitan mat í hádeginu og aðstaða barna til að matast skal vera góð. Samstarf skal vera á milli mötuneyta. Stuðlað verði að því að nemendur fái nægilega hreyfingu og að hvers kyns forvarnir verði hluti af skólastarfinu.

Það verður gert með því að

- starfsmenn skólanna séu ávallt meðvitaðir um hollustu þess fæðis sem er á boðstólum,
- starfsmönnum verði boðið upp á fræðslufundi og námskeið sem sniðin eru að þörfum skólamötuneyta,
- hvetja foreldra til að huga að hollustu þess fæðis sem sent er með börnum í skóla,
- hafa sérstakar hreyfistundir til viðbótar við fastar íþróttastundir þar sem fylgt er eftir ákvæðum í viðmiðunarstundatöflu,
- hvetja til þess að börn gangi í og úr skóla þegar aldur og aðstæður leyfa,
- jákvæður áróður fyrir heilbrigðu líferni sé hluti af skólastarfi,
- fá fyrirlesara bæði fyrir nemendur, foreldra og starfsfólk til að fjalla um heilbrigða lifnaðarhætti,
- leggja áherslu á forvarnir og lífsleikni á öllum skólastigum.

Samstarf við foreldra

Stefna
Í skólum sveitarfélagsins skal leitast við að hafa gott samstarf við foreldra/forráðamenn skólabarna þannig að þeim finnist þeir alltaf velkomnir í skólann. Stefnt skal að því að foreldrafélög starfi í samvinnu við alla skóla sveitarfélagsins.

Markmiðið er að foreldrar/forráðamenn geti verið virkir þátttakendur í skólastarfi og sá bakhjarl sem skólarnir geti ávallt reitt sig á.

Það verður gert með því að;

- stutt verði við bakið á starfi foreldrafélaganna, m.a. með því að leggja árlega fé til þeirra,
- foreldrar/forráðamenn geti í samráði við starfsfólk komið í heimsóknir og fylgst með starfi skólanna
- skólinn hafi ávallt samband við heimilin þegar ástæða þykir til,
- foreldrar hafi ávallt samband við skólann þegar ástæða þykir til,
- upplýsingaflæði til heimilanna verði tryggt af hendi skólanna,
- skólar gæti þess að upplýsa foreldra samdægurs um brýn mál sem varða viðkomandi heimili. Slík upplýsingagjöf verði gagnkvæm milli heimilis og skóla.

Samstarf milli skóla og samstarf við aðrar stofnanir sveitarfélagsins, atvinnulíf og félagasamtök

Stefna
Efla skal samstarf milli allra skólastiga í sveitarfélaginu og á milli skólanna og annarra stofnana sveitarfélagsins þannig að til hagsbóta sé fyrir börnin og fjölskyldur þeirra. Skólaskipti skulu vera vel undirbúin og eðlilegur hluti af skólastarfi. Nýta skal nálægð við atvinnulíf, félagasamtök og stofnanir í tengslum við skólastarfið. Kynna skal fyrir börnunum líf og störf íbúa sveitarfélagsins.

Markmiðið er að samstarf og flæði upplýsinga á milli skólastiga sé gott, að börn geti sinnt tómstundastarfi sem mest strax eftir skóla og að yngri börnin hafi þar forgang eins og kostur er. Einnig er markmiðið að auðga nám barnanna og gefa þeim innsýn í sérstöðu þess samfélags sem þau búa í.

Það verður gert með því að

- starfrækja lengda viðveru frá kl. 14 – 17 á starfstíma grunnskólanna fyrir nemendur í 1. – 4. bekk,
- stjórnendur séu vel upplýstir um skipulag á starfi annarra stofnana og félagasamtaka sem vinna með börnum,
- hafa reglulega fundi með stjórnendum allra skólastiga,
- undirbúa nemendur og foreldra vel undir skólaskipti,
- stjórnendur grunnskóla, tónskóla, félagsmiðstöðvar, ungmennafélaga og leikfélaga hafi samráð um skipulag á tómstundum grunnskólabarna,
- lögð verði áhersla á að nemendur geti sinnt tómstundum sem fyrst að skóla loknum á daginn og að yngstu börnin hafi þar forgang,

- gefa nemendum kost á að sinna námi á öðru skólastigi, s.s. tónskóla og framhaldsskóla eins og viðeigandi er hverju sinni, á skólatíma,
- stuðla að gagnkvæmum heimsóknum starfsmanna og nemenda á milli skólanna,
- halda námskeið sem höfða til þeirra sem fást við uppeldisstörf,
- vinna verkefni tengd menningu svæðisins, jöklum og þjóðgarði,
- heimsækja vinnustaði og vinna verkefni tengd þeim,
- til staðar sé skipulagt samstarf leikskóla og grunnskóla.

Umhverfismál

Stefna

Í skólum sveitarfélagsins skal leggja áherslu á fræðslu um náttúruvernd, vistkerfi jarðarinnar, náttúru okkar landshluta og sérstöðu hans. Sérstök áhersla skal lögð á nálægð og samvinnu við Vatnajökulsþjóðgarð í fræðslu um náttúru svæðisins.

Markmiðið er að í skólum sveitarfélagsins læri börn að bera virðingu fyrir umhverfi sínu og að kynnt verði fyrir þeim þau verðmæti sem felast í óspilltri náttúru.

Það verður gert með því að

- fara í vettvangsferðir og tengja þær öðru skólastarfi, svo sem náttúru- og félagsvísindum, eftir því sem við á hverju sinni,
- kynna fyrir börnunum umhverfi þeirra,
- endurnýta hluti og draga úr óþarfa sóun,
- kynna fyrir börnunum skynsamlega nýtingu náttúruauðlinda,
- nemendur kynnist og taki þátt í skógrækt í sveitarfélaginu.

II.

Leikskólar

Fyrsta skólastigið

Stefna
Leikskólinn er fyrsta skólastigið. Lögð er áhersla á að börnum standi til boða leikskólanám í hvetjandi námsumhverfi. Öll börn sem náð hafa eins árs aldri skulu eiga kost á leikskóladvöl þegar pláss eru laus. Þar af skulu nemendur vera undir handleiðslu leikskólakennara a.m.k. fjórar stundir á dag. Leikskólar sveitarfélagsins verða lokaðir minnst fjórar vikur samfellt að sumri. Leikskóladeild í Öræfum starfi á árlegum starfstíma grunnskóla. Leitað verði leiða til að gera leikskólann gjaldfrjálsan.

Markmiðið er að tryggja börnum á leikskólaaldri aðgang að leikskóla og hvatt er til þess að börn geti notið þess mikilvæga þáttar sem nám á þessu skólastigi er. Þess sé ávallt gætt að velferð barnsins sé í fyrirrúmi að börnum og starfsfólki líði vel í skólanum og að traust ríki á milli starfsfólks, barna og foreldra. Fram fari fjölbreytt og skapandi nám sem örvi alla þroskaþætti barnsins.

Það verður gert með því að
- uppfylla eins og kostur er eftirspurn eftir leikskólaplássum,
- leikskólabyggingar og leikskólalóðir uppfylli þær kröfur sem gerðar eru hverju sinni,
- ávallt séu upplýsingar á heimasíðu leikskólanna um starfsemi leikskólanna,
- reglulega verði gerðar kannanir á starfsemi skólanna,
- leikskólastjórar geri sveitarstjórn grein fyrir starfsemi leikskólanna í ársskýrslu í samræmi við lög um leikskóla.

Innra starf

Stefna
Í leikskólum sveitarfélagsins skal fara fram metnaðarfullt starf þar sem þarfir barna verði hafðar að leiðarljósi. Áhersla er lögð á fjölbreytt nám og hvetjandi námsumhverfi þar sem leikurinn er í fyrirrúmi. Til að fylgja eftir skólastarfinu meti skólarnir starf sitt árlega og kallað verði eftir ytra mati ef ástæða þykir til.

Markmiðið er að stuðla að víðsýni nemenda þar sem umburðarlyndi og vinátta verði höfð að leiðarljósi. Börnin venjist því að taka þátt í ákvörðunum eins og þau hafa þroska til og læri að taka ábyrgð á gerðum sínum. Börnin læri að vinna ein og í smáum sem stórum hópum. Að öll börn fái notið sín sem einstaklingar, taki sjálfstæðar ákvarðanir, myndi sér eigin skoðanir sem verði virtar og læri einnig að virða skoðanir annarra og taka tillit til þeirra.

Það verður gert með því að
- vinna eftir skólanámskrá sem endurskoðuð er reglulega,
- stöðugt fari fram sjálfsmat í leikskólunum,

- starfsmenn fylgist vel með straumum og stefnum sem snúa að málaflokknum,
- gefa foreldrum tækifæri til að vera þátttakendur í skólastarfinu,
- foreldraráð starfi við skólana eins og lög gera ráð fyrir,
- hafa skólastarfið sveigjanlegt og fært til að taka breytingum í takt við breytta tíma,
- að leikskólar hafi greiðan aðgang að ráðgjöf og þjónustu sérfræðinga í málefnum barna,
- allir nemendur fái verkefni við hæfi,
- gagnkvæm virðing ríki á milli starfsmanna og nemenda,
- vinna eftir uppbyggjandi og samræmdum áætlunum um aga,
- gera áætlanir um móttöku og stuðning við nemendur með annað móðurmál en íslensku.

III.

Grunnskólar

Innra starf

Stefna
Í grunnskólum sveitarfélagsins fari fram metnaðarfullt starf þar sem áhersla er lögð á góðan námsárangur, vellíðan nemenda og starfsfólks og jákvæð samskipti. Hlúa skal að jafnrétti og virðingu fyrir mismunandi skoðunum um leið og lögð er áhersla á sjálfstæði og ábyrgð nemenda á eigin námi. Sérstök áhersla er lögð á að efla gagnrýna hugsun nemenda í nútímasamfélagi og kenna á uppbyggilegan hátt að taka ábyrgð á vali sínu og skoðunum. Mikilvægt er að mennta nemendur til að takast á við samfélagið eins og það er hverju sinni.

Markmiðið er að þegar grunnskólagöngu lýkur séu nemendur vel búnir undir áframhaldandi nám, hafi öðlast þroska til að takast á við fjölbreytt verkefni í lýðræðisþjóðfélagi og hafi tamið sér víðsýni og virðingu fyrir skoðunum annarra. Börnin venjist því að taka þátt í ákvörðunum eins og þau hafa þroska til og taki ábyrgð á gerðum sínum. Vellíðan nemenda og starfsmanna og góður námsárangur skal ávallt vera eitt af meginmarkmiðum skólanna.

Það verður gert með því að
- vinna eftir skólanámskrá sem endurskoðuð er reglulega,
- stöðugt fari fram sjálfsmat í grunnskólunum,
- lögð verði áhersla á siðferðislega ábyrgð allra þar sem heimurinn hefur skroppið saman og núningur við ólík sjónarmið eykst,
- nám verði einstaklingsmiðað, sem þýðir að
  - hvert barn eigi kost á góðri og fjölbreyttri menntun við sitt hæfi,
  - byggt verði á fjölbreyttum kennsluaðferðum,
  - stutt verði sérstaklega við þá sem eiga við erfiðleika að stríða,
  - gefa hæfileikaríkum nemendum tækifæri á verkefnum við hæfi,

- hafa skólastarfið sveigjanlegt og fært til að taka breytingum í takt við breytta tíma,
- hagsmunir barnsins séu ávallt í fyrirrúmi,
- góður námsárangur verði eftirsóknarverður,
- lögð verði áhersla á lestrarkennslu og lestur öll grunnskólaárin,
- byggt verði á fjölbreyttu námsmati sem hvetji til bætts námsárangurs,
- umbuna fyrir afburða námsárangur og mestar framfarir í námi,
- vinna eftir uppbyggjandi og samræmdum áætlunum um aga,
- hafa reglubundnar athuganir á einelti og vinna að fyrirbyggjandi ráðstöfunum,
- gagnkvæm virðing ríki á milli starfsmanna og nemenda,
- leitað verði eftir lýðræðislegri þátttöku nemenda í skólastarfi,
- nemendur tileinki sér sjálfsagðan og jákvæðan metnað,
- stuðla að frumkvöðlahugsun meðal nemenda,
- gefa foreldrum tækifæri til að vera þátttakendur í skólastarfinu,
- skólaráð starfi við skólana eins og lög gera ráð fyrir,
- fagstjórar hafi yfirlit yfir nám í kjarnagreinum frá 1. – 10. bekk,
- vera með markvissar áætlanir um móttöku nýrra nemenda, einkum stuðning við nemendur með annað móðurmál en íslensku.

Skólaakstur

Stefna
Skólaakstur er óhjákvæmilegur í okkar víðfeðma sveitarfélagi. Öryggi, vellíðan og jafnræði barna í akstri skal tryggja eins og kostur er. Gæta skal þess að nýta sem best það fjármagn sem lagt er til skólaaksturs.

Markmiðið er að skólaaksturinn falli sem best að skólastarfinu þó að óhjákvæmilegt sé að hann hafi þar áhrif.

Það verður gert með því að
- bjóða út skólaakstur og velja hæfustu tilboðsgjafana hverju sinni,
- skólaakstur skal skipulagður í samræmi við lög og reglugerðir,
- skipulag á skólaakstri verði unnið í samráði við skólastjórnendur hverju sinni,
- skólastjórnendur fylgist vel með framkvæmd akstursins og geri viðvart ef eitthvað hefur farið úrskeiðis.

Heimavist

Stefna
Bjóða upp á heimavist fyrir nemendur úr Öræfum sem tekur mið af aðstæðum hverju sinni. Heimavist verði staðsett á Höfn.

Markmið er að nemendur njóti sem mestra samvista við fjölskyldu sína. Þegar nemendur þurfa að sækja skóla langt að þá bjóðist þeim að vera í heimavist þar sem þau njóta svipaðs viðmóts og á heimili.

IV.

Tónskóli

Stjórn skólans og skipulag

Stefna
Stefnt er að því að því að reka Tónskólann áfram sem sjálfstæða einingu. Haldið verði úti forskóladeild fyrir yngstu árgangana, þ.e. 2. og 3. bekk í grunnskóla. Haldið verði úti tónlistarkennslu bæði í dreifbýli og þéttbýli eins og aðstæður leyfa hverju sinni

Markmið er að reka tónlistarskóla sem skili góðu og faglegu starfi. Leggja skal áherslu á félagslegt gildi tónlistariðkunar með þátttöku nemenda í samleik ýmiss konar þar sem jafnt yngri sem eldri nemendur skólans koma fram saman.

Það verður gert með því að
- samleikur og aðrir tónleikar séu ávallt hluti af starfi skólans,
- skóladagatal skólans verði í samræmi við skóladagatal þéttbýlisskólanna,
- halda úti forskóladeildum í grunnskólum eftir því sem við verður komið,
- halda úti tónlistarkennslu í dreifbýli eftir því sem við verður komið,

Innra starf

Stefna
Í Tónskóla Austur-Skaftafellssýslu fari fram metnaðarfullt starf þar sem áhersla verði lögð á góðan námsárangur, vellíðan nemenda og starfsfólks og jákvæð samskipti. Til að fylgja eftir skólastarfinu verði skólanámskrá yfirfarin árlega og kallað verði eftir ytra mati ef ástæða þykir til.

Markmiðið er að bjóða upp á eins fjölbreytt tónlistarnám og kostur er hverju sinni og að nemendur geti þroskað tónlistarhæfileika sína í jákvæðu og hvetjandi umhverfi.

Það verður gert með því að
- í boði verði eins fjölbreytt námsval og kostur er hverju sinni,
- vinna eftir skólanámskrá sem endurskoðuð er árlega,
- skólinn meti starf sitt reglulega,
- byggt verði á fjölbreyttum kennsluaðferðum,
- áhersla verði lögð á vellíðan nemenda,
- vinna eftir uppbyggjandi og samræmdum áætlunum um aga,
- gagnkvæm virðing ríki á milli starfsmanna og nemenda,

- nemendur tileinki sér sjálfsagðan og jákvæðan metnað,
- gefa foreldrum tækifæri til að vera þátttakendur í skólastarfinu,
- með starfsemi sinni setji skólinn mark sitt á tónlistarlíf í sínu samfélagi.

V.

Skólaskrifstofa

Stefna
Hlutverk skólaskrifstofu sveitarfélagsins er að styrkja skólana í að sinna uppeldis- og menntunarhlutverki sínu. Starfsmenn skólanna og foreldrar nemenda geti leitað eftir aðstoð og upplýsingum til skrifstofunnar. Náið samstarf skal vera á milli skólaskrifstofu, félagsþjónustu og skólanna við úrlausn erfiðra einstaklingsmála. Skólastjórnendur og skólaskrifstofan beri sameiginlega ábyrgð á endurmenntun starfsmanna skólanna. Skólaskrifstofa hafi faglega og fjármálalega forystu á sviðinu.

Markmið er að skólarnir geti leitað eftir faglegri aðstoð til skólaskrifstofunnar. Starfsmenn skólanna geti sótt þangað ráð og aðstoð þegar á þarf að halda. Lögð er áhersla á fjölbreytta sérfræðiráðgjöf.

Það verður gert með því að
- skrifstofan hafi yfirumsjón með skipulagi og framkvæmd sérfræðiþjónustu við skóla sveitarfélagsins,
- ráða til starfa eða kaupa þjónustu af sérfræðingum sem vinna með starfsmönnum skólanna og skólaskrifstofu,
- starfsmenn skólaskrifstofu séu í góðum tengslum við stjórnendur og starfsmenn skólanna,
- sinna ráðgjöf í erfiðum einstaklingsmálum og koma þeim í eðlilegan farveg í samráði við félagsþjónustu og heilbrigðisstofnanir þegar þörf er á,
- tryggja nemendum, foreldrum og starfsfólki skólanna stuðning vegna félags- og tilfinningalegra vandamála,
- hafa umsjón með samvinnu skóla- og félagsþjónustu sveitarfélagsins,
- vinna með skólunum að því að efla tengsl á milli allra skólastiga í sveitarfélaginu,
- skipuleggja endurmenntun á sviði skóla- og uppeldismála í samvinnu við skólastjórnendur,
- skólastjórnendur og starfsmenn fræðslu- og félagssviðs fundi sameiginlega eftir þörfum,
- kalla eftir ytra mati í samvinnu við skólanefnd,
- hafa samvinnu við skóla- og fræðsluskrifstofur á landsvísu,
- starfsmenn fylgist ávallt vel með stefnum og straumum í skólamálum og vinni með skólafólki og kjörnum fulltrúum í sveitarfélaginu að þróun skólamála,
- hafa yfirumsjón með gerð fjárhagsáætlana á sviðinu,
- sinna reglubundnu eftirliti með fjárhag stofnana sem undir sviðið falla,
- unnið verði að sjálfsmati hjá fræðslu- og félagssviði.

VI.

Skólanefnd

Stefna
Skólanefnd vinnur eftir erindisbréfi og starfar samkvæmt lögum um leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla. Skólanefnd hagi störfum sínum þannig að sem nánast samstarf sé við starfsmenn skólaskrifstofu, stjórnendur og starfsmenn skólanna sem undir nefndina falla svo og þá sem þjónustu skólanna nýta.

Markmiðið er að samskipti þeirra sem starfa í þessum málaflokki einkennist af samvinnu og gagnkvæmri virðingu. Afgreiðsla skólanefndar byggist ávallt á faglegum grunni. Áhersla verði lögð á góð samskipti við foreldra/forráðamenn skólabarna og starfsmenn skólanna.

Það verður gert með því að
- skólanefnd yfirfari og veiti umsögn um námskrár skólanna,
- skólanefnd sé ávallt upplýst um framkvæmd skólaaksturs,
- skólanefndarmenn haldi góðu sambandi við skólana og heimsæki þá,
- skólanefnd boði tvisvar á kjörtímabili til opins fundar um skólamál,
- skólanefnd vandi sérstaklega meðferð einstaklingsmála sem til hennar er vísað,
- fundi skólanefndar sitji auk kjörinna fulltrúa áheyrnarfulltrúar í samræmi við lög og reglugerðir,
- skólanefnd fylgi eftir innra og ytra mati skólanna í samræmi við lög og reglugerðir,
- skólanefnd fylgist með reglubundnum hætti með framfylgd skólastefnunnar.

MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ
Sölvhólsgötu 4 · 150 Reykjavík
sími: 545 9500 · bréfasími: 562 3068
postur@mrn.stjr.is · menntamálaráðuneyti.is

Sveitarfélagið Hornafjörður
Hjalti Þór Vignisson, bæjarstjóri
Hafnarbraut 27
780 Höfn

Reykjavík 24. febrúar 2011
Tilv.: MMR10100200/6.14.2-

Efni: Niðurstöður úttektar á starfsemi Grunnskóla Hornafjarðar

Í október 2010 fól mennta- og menningarmálaráðuneytið Jóni Bergssyni og Guðrúnu Helgu Sederholm hjá Hitt og þetta ehf. að gera úttekt á starfsemi Grunnskólans á Hornafirði. Úttektin var gerð á grundvelli 38. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 og samkvæmt þriggja ára áætlun ráðuneytisins um úttektir á grunnskólastigi. Jafnframt vísast til umsóknar Sveitarfélagsins Hornafjarðar sem barst ráðuneytinu 17. september 2010, um úttekt á starfsemi Grunnskóla Hornafjarðar, sbr. auglýsingu ráðuneytisins frá 4. september sl.

Markmið úttektarinnar var að leggja mat á starfsemi skólans með hliðsjón af gildandi lögum um grunnskóla, reglugerðum og aðalnámskrá grunnskóla. Í úttektinni átti m.a. að leggja áherslu á þætti eins og stjórnun, skipulag kennslu, innra mat, námskrárfur og fyrirkomulag námsmats.

Úttektaraðilar skiluðu skýrslu með niðurstöðum 28. janúar sl. Helstu niðurstöður eru að mati úttektaraðila að Grunnskóli Hornafjarðar standi að mörgu leyti á byrjunarreit, hvað varðar skólastefnu, starfsáætlun, einstaklingsmiðað nám og námsmat, sjálfsmat og eftirlitsskyldu sveitarfélagsins. Menntunarstig kennara hefur hækkað á undanförnum árum enda stjórnendur jákvæðir í garð menntunar og endurmenntunar kennara. Foreldrar eru mjög jákvæðir í garð skólans og góð tengsl eru við atvinnulífið á staðnum. Samskipti innan skólans eru góð og hugtök eins og lýðræði og jafnrétti eru í heiðri höfð.

Úttektaraðilar telja meðal styrkleika skólastarfsins að meiri samfella sé í skólastarfinu eftir sameiningu, að nýsköpun og listir skipi hærri sess, lýðræðisleg vinnubrögð og jafnrétti séu ríkjandi í samskiptum og að mikill vilji sé til að efla Grunnskóla Hornafjarðar bæði hjá aðilum innan skóla og utan. Einnig nefna þeir að vilji sé hjá skólastjórnendum til að efla foreldrasamtarf, að upplýsingaflæði sé gott í skólanum og boðleiðir greiðar. Þá hefur áætlun gegn einelti fyrir nemendur verið unnin, ánægja er með sérkennslu skólans, andrúmsloft í skólanum er jákvætt og gott, val nemenda er fjölbreytt og tengsl skólastiga eru góð.

Meðal helstu veikleika skólastarfsins tekja úttektaraðilar vera að sameiningarferli skólanna tveggja stendur enn og hindrar skólaþróun, skólastefna á vegum sveitarfélagsins er ekki fyrir hendi, sérstaða skólans birtist ekki með nógu skýrum hætti í þeim gögnum sem fyrir liggja, umfjöllun og samþykkt skólanámskrár og starfsáætlunar skólans er ábótavant svo og skilgreiningar á námsmarkmiðum. Ekkert innra mat í skilningi laga og aðalnámskrár hefur farið fram til þessa og kennarar hafa litla vitneskju um innra mat. Þá telja úttektaraðilar að starfsáætlun skólans sé ábótavant og stefnu sveitarfélagsins í málum nemenda sem þurfa sérþjónustu skorti.

Sjá nánar styrk- og veikleikagreiningu úttektaraðila á bls. 34-35 í skýrslu með niðurstöðum.

Úttektaraðilar setja fram tillögur að aðgerðum til úrbóta á bls. 35 og 36 í skýrslunni. Ráðuneytið beinir því til sveitarstjórnar, skólastjóra, starfsfólks skólans og skólaráðs að kynna sér vel innihald skýrslunnar og tillögur að aðgerðum til úrbóta. Jafnframt er þeim tilmælum beint til stjórnenda skólans og skólanefndar að þau atriði sem talin eru þarfnast útbóta verði tekin til athugunar og að ráðuneytinu verði send tímasett umbótaáætlun fyrir 1. apríl nk. Að ári liðnu mun ráðuneytið óska eftir upplýsingum um hvaða umbætur hafa verið gerðar í kjölfar úttektarinnar.

Skýrsla um úttekt á starfsemi Grunnskóla Hornafjarðar ásamt umbótaáætlun verður sett á heimasíðu mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Að lokum þakkar ráðuneytið sveitarfélaginu og skólanum fyrir góða samvinnu við úttektina.

Fyrir hönd ráðherra

Stefán Baldursson

Margrét Harðardóttir

Ljósrit: Skólastjóri og skólaráð Grunnskóla Hornafjarðar